

Fimmtudaginn 22. janúar 1981.

Nr. 29/1978. **Páll Halldórsson**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar

f. h. safnaðarins

(Jón Finnsson hrl.).

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. janúar s. á. Hann krefst þess, að stefndi greiði honum 2.434.11 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir eigi athugasemdir við breytta kröfugerð áfrýjanda að því er tekur til vaxta.

Með tilvísun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að ársvextir verða eins og í kröfugerð áfrýjanda greinir. Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 1.500.00 krónur (nýkr.) í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar fyrir hönd safnaðarins, greiði áfrýjanda, Páli Halldórssyni, 644.80

krónur með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 450.00 krónur í málskostnað í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda 1.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22. maí 1975.

Stefnandi málsins er Páll Halldórsson organleikari, Drápuhlíð 10, Reykjavík.

Varnaraðili er sóknarnefnd Hallgrímskirkju í Reykjavík fyrir hönd safnaðarins.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kr. 307.892 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða varnaraðilja málskostnað að mati dómsins.

Endurteknar sáttatilraunir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hefur árum saman verið organleikari Hallgrímskirkju í Reykjavík. Stefnandi er og hefur verið félagsmaður í Félagi íslenskra organleikara (FÍO). Í nóvember 1970 var samið um kaup og kjör organleikara í prófastsdæminu. Ber samningur þessi yfirskriftina „Samkomulag.“ Honum fylgir „Skýrgreining á skiptingu organleikara í A, B og C flokka“. Stefnandi heldur því fram, að varnaraðili hafi ekki efnt þennan samning af sinni hálfu, heldur greitt stefnanda lægra

kaup en honum hafi borið og auk þess skuldi varnaraðili stefnanda orlofsuppbót. Varnaraðili hefur ekki viljað á þetta fallast með stefnanda, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Áðurgreint „Samkomulag“ hefur m. a. eftirtalin ákvæði að geyma:

„Félag islenzkra organleikara og samstarfsnefnd sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæmis gera með sér svohljóðandi samkomulag.

Í samkomulagi þessu er organleikurum skipt í þrjá flokka, A, B og C, samkvæmt nánari skýringu FÍO, sem fylgir samkomulagi þessu.

Um a-organleikara.

1) Nú hefur söfnuður tvo þjónandi presta starfandi, sem að jafnaði messa báðir hvern helgan dag, og ber þá slíkum söfnuði að ráða a-organleikara í þjónustu sína, sé hann fyrir hendi.

A-organleikari haldi a. m. k. eina sjálfstæða orgeltónleika á ári í þeirri kirkju, sem hann er ráðinn við, og þá í samráði við sóknarnefnd, enda sjái hún um framkvæmd þeirra tónleika.

2) Hlutverk organleikarans er að spila við messugerðir allar á vegum safnaðarins, sem fram fara í kirkjunni eða á öðrum stöðum, ef kirkja er ekki fyrir hendi. Organleikari skal einnig æfa kór kirkjunnar og fylgjast með þátttöku kórfélaga á æfingum og við messur. Organleikarinn sjái um tónleikahald kirkjukórsins, eftir því sem aðstæður leyfa. Organleikarinn annist orgelleik á sérstökum samkomum kirkjunnar, ef óskað er.

3) Laun a-organleikara miðist við 2/3 hluta launa kennara í tónlistarskóla, sem nú eru í 19. launaflokki opinberra starfsmanna, og er gert ráð fyrir, að tónlistariðkun sé eina starf organleikarans.

Um b-organleikara.

1) Söfnuður með einn þjónandi prest getur ráðið b-organleikara í þjónustu sína, ef a-organleikari er ekki fyrir hendi. B-organleikari gengur fyrir c-organleikara um stöður, sbr. skýringar í greinargerð um flokkun organista eftir reglum F.Í.O.

2) Skyldur b-organleikarans gagnvart messugerðum og æfingum kórs kirkjunnar vegna messugerðar eru þær sömu og a-organleikarans.

3) Ekki skal þess krafist af b-organleikara, að hann haldi sjálfstæða orgeltónleika eða leiki einleik á vegum safnaðarins. Sé þess óskað, kemur greiðsla fyrir slíkt tónleikahald.

4) Forfallist organleikarinn skal hann útvega staðgengil í

samráði við stjórn F.Í.O. og greiði sóknarnefnd kostnað, sem af því leiðir.

5) Laun b-organleikara miðast við 2/3 hluta 12. launaflokks opinberra starfsmanna.

6) Sé a-organleikari ráðinn við kirkju með einn þjónandi prest, skulu laun hans miðast við 2/3 hluta 15. launaflokks opinberra starfsmanna.

Önnur atriði.

2) Sumarfrí organleikara skal miðast við tímabilið 1. júní til 1. okt. og skal vera 21 virkur dagur í einu lagi. Sumarfríð sé tekið í samráði við sóknarnefnd. Sóknarnefnd greiðir laun staðgengils.

3) Deilumál, sem upp kunna að koma, skulu ræðast á fundum með stjórn F.Í.O. og fulltrúum safnaða prófastsdæmis.

6) Laun organleikara samkvæmt samningi þessum miðast við 1. 7. '70.

Reykjavík í nóvember 1970.

Launadeild F.Í.Ó. Samninganefnd sóknarnefndanna

Guðmundur Gilsson í Reykjavíkurprófastsdæmi.

Haukur Guðlaugsson Leifur Sveinsson

Ragnar Björnsson Ástráður Sigursteindórsson“.

Áðurgreind skýrgreining á skiptingu organleikara í A, B og C flokka er svohljóðandi:

„A-organleikarar:

A-deild skal skipuð þeim organleikurum, sem tekið hafa einleikarapróf á orgel frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða erlendum, viðurkenndum tónlistarskóla. Þó skal þetta ekki vera skilyrði, sé um organleikara að ræða, sem aflað hefur sér samsvarandi menntunar utan skóla og haldið að staðaldri — miðað við aðstæður — opinbera orgeltónleika við góðan orðstír.

A-meðlimur skal einnig hafa lokið prófi í söngstjórn frá viðurkenndum tónlistarskóla eða hafa samsvarandi viðurkennda hæfileika til söngstjórnar. Æskilegt er að A-meðlimur hafi sæmilega þekkingu á hljóðfærum sinfóníuhljómsveitar og sé fær um að stjórna kirkjulegum verkum með hljómsveit.

B-organleikarar:

B-deild skal skipuð orgelleikurum, sem lokið hafa kirkju orgelleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum tónlistarskóla eða þeim, sem sýnt geta hliðstæða kunnáttu. B-meðlimir skulu einnig hafa hæfileika til söngstjórnar

og miðist sú kunnátta við lokapróf úr söngkennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík.

C-organleikarar:

C-deild skal skipuð orgelleikurum, sem lítið eða ekkert leika á Pedalorgel, og þeim, sem eingöngu leika á Harmóníum.

Ragnar Björnsson Guðmundur Gilsson Haukur Guðlaugsson.“

III.

Stefnandi heldur því fram, að honum hafi borið að fá greidd laun sem organleikara í A flokki. Laun A flokks organleikara hafi á tímabilinu 1. júlí 1970 til 31. desember 1973 numið samtals kr. 1.105.676, en það séu þau laun, sem hann hafi þannig átt rétt á. Hins vegar hafi varnaraðili aðeins greitt honum kr. 862.265 í laun fyrir nefnt tímabil. Beri varnaraðilja því að greiða stefnanda mismuninn, kr. 243.411.

Í öðru lagi bendir stefnandi á, að hann hafi ekki fengið greidda orlofsuppbót á laun sín á tímabilinu frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1974. Nemi orlofsfé á nefndu tímabili samtals kr. 64.481.

Samkvæmt ofanskráðu telur stefnandi, að varnaraðili skuldi honum samtals kr. 307.892 (243.411 + 64.481). Kemur þessi fjárhæð heim við dómkröfur stefnanda í málinu.

Í aðiljaskýrslu, sem lögð var fram 25. maí 1975, skýrir stefnandi m. a. svo frá, að 27. september 1967 hafi verið gerðar breytingar á lögum FÍÓ og hafi þá verið samþykkt að skipa félagsmönnum í flokkana A, B og C.

Stefnandi kveðst hafa verið úrskurðaður í A flokk, án þess að hann léti í ljós nokkrar óskir um það, og kveðst hann hafa goldið sín gjöld til félagsins samkvæmt því. Síðar hafi þessi flokkaskipting verið felld niður.

Stefnandi skýrir svo frá: „Árið 1970 voru gerðir samningar milli launanefndar F.Í.O. og samstarfsnefndar safnaðanna í Reykjavík. Þeir voru lengi á döfinni, og ætla ég, að mönnum hafi leiðst að bíða. Samningarnir voru samþykktir af F.Í.O. á fundi í Laugarneskirkju seint um kvöld. Það líður og bíður, og er mér borgað samkvæmt gömlu samningunum. Gjaldkeri Hallgrímsprestakalls, sem síðar varð formaður sóknarnefndarinnar, leitaði bréflaga skýringa hjá F.Í.O. Á aðalfundi Hallgrímsprestakalls 1971 ræddi ég um þetta mál, og urðu nokkrar orðahnippingar milli mín og gjaldkerans. Hann skipaði mér í svokallaðan B-flokk. Ekkert gerðist hjá sóknarnefnd Hallgrímsprestakalls. Skrif-

aði ég því nokkur bréf, bæði sóknarnefnd, einstökum sóknarnefndarmönnum og prestum safnaðarins.

Þegar ég fékk engin svör, ákvað ég að skjóta málinu samkvæmt 4. gr. samningsins til stjórnar F.Í.O., og var mér þó óljúft að fara með þetta mál út úr sókninni. Stjórn F.Í.O. tókst ekki þrátt fyrir miklar tilraunir að fá samstarfsnefnd safnaðanna á fund. Var þá tekið það ráð að boða sóknarnefndarmenn Hallgrímsprestakalls á fund með stjórn F.Í.O. Þá gerðist það, að Hermann Þorsteinsson reyndi að afboða þá, sem boðaðir höfðu verið. Það tókst þó ekki betur en svo, að á fundinum, sem haldinn var í Laugarneskirkju, mættu 3 nefndarmenn og 2 varamenn. Þrátt fyrir álit þessa fundar urðu engar breytingar á greiðslum til mín. Það var ekki fyrr en ég tilkynnti sóknarnefndinni með ábyrgðarbréfi, að ég ætlaði að leita réttar míns fyrir dómstólunum, þó að það væri ekki að mínu skapi, að ég var boðaður á fund með mjög stuttum fyrirvara í Hallgrímskirkju. Á þeim fundi voru 3 sóknarnefndarmenn og báðir prestar safnaðarins. Mér var lesin þar bókun nefndarinnar um, hvað hún teldi rétt að greiða mér í kaup. Ég hélt fram samningsrétti mínum, en formaður nefndarinnar virtist hafa að mestu leyti orð fyrir fundarmönnum, sem flestir virtust hálfvolgir eða deigir. Það er rétt, að samningur er samningur. En skýrgreiningar nefndarmanna eru annað.

Í samkomulaginu stendur hvergi, að tónlistariðkun skuli vera eina starf organleikarans. Þar stendur: „Gert er ráð fyrir . . .“ o. s. frv.

Í síðastliðin 3 ár hefur organleikarastarfið við Hallgrímskirkju verið eina starf mitt, en til þess tíma var ég starfsmaður á Borgarbókasafni og um tíma á Tollpóststofunni í Reykjavík. En ég skammast mín ekki fyrir að hafa unnið hjá þessum stofnunum og skal hjálpa til að fá vottorð um veru mína þar, ef þurfa þykir og þess er óskað. Um margra ára skeið var ég barnaskólakennari og hafði þá jafnan á hendi söngkennslu að meira eða minna og stundum öllu leyti, nákvæmlega eins og einir 6 organleikarar hér hafa nú, án þess að talið sé þeim til dómsáfallis. En satt er það, að á tímabili var heilsu minni svo háttað, að ég taldi mér ofviða að hafa á hendi tilskilinn kennslustundafjölda með organleikarastarfinu. Tók ég því feginshendi að hafa starf í Borgarbókasafni Reykjavíkur að hluta (það var fyrst 10, en síðar líðlega 20 stundir á viku), og vil ég geta þess, að hér í nágrenninu er sú kvöð lögð á organleikarann, að hann starfi jafnframt í bókasafni bæjarins. Enn má geta þess, að einhverjir organleikarar

hafi starfað og starfi við fjarskyldari störf en organleikarastarfið.

Á fyrstu árum Hallgrímssafnaðar í Reykjavík var mér ekki goldið orlofsfé. Söfnuðurinn fékk þá léð húsnæði til guðþjónustuhalds í Austurbæjarskólanum í Reykjavík. Á sumrin fóru fram viðgerðir og hreingerningar á skólanum, og féllu þá jafnan messur niður í nokkrar vikur. Taldi ég þá sanngjarnt að láta greiðslur orlofsfjár niður falla. Þessi skipan hélzt, unz Björn heitinn Guðmundsson varð gjaldkeri safnaðarins. Hann galt mér orlofsfé, og man ég glöggð þau orð, sem hann lét fylgja. „Þú átt rétt á því eins og allir aðrir,“ sagði hann. Þegar Hermann Þorsteinsson tók við gjaldkerastörfunum neitaði hann að greiða orlofsfé, en kom með einhverja frásögn af, hvernig því væri háttað hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Ég kvartaði um þetta við þáverandi formann sóknarnefndar, Sigtrygg heitinn Klemenzson. Hann taldi sjálsagt að greiða orlofsfé. Ekki varð þó af greiðslum. Svo veiktist Sigtryggur og dó. Að neita greiðslum orlofsfjár er því brot á samningnum, vonandi ekki brot á landslögum. Ég jata, að krafan um greiðslu orlofseyris var sett fram nokkuð af handahófi. Ég taldi mér heimilt að haga innheimtu þess að eigin geðþótta. Gerði ég þetta líka m. a. til að gera málið einfaldara.“

Hér fyrir dómi hefur stefnandi m. a. skýrt svo frá: „Ég vil taka fram, að á helmingi starfstímans hafði ég ekki pípuorgel í kirkjunni, heldur harmoníum, þ. e. stofuorgel. Ég byrjaði sem organleikari hjá Hallgrímskirkju árið 1940, en pípuorgel kom í kirkjuna árið 1954. Ég tók aldrei sumarfrí á árunum 1967 til 1974. Ég fór ekki fram á það að fá sumarfrí á árunum 1970 til 1974 og hafði ekkert samráð við sóknarnefndina um það. Á árunum 1967 til og með 1969 óskaði ég eftir að fá greitt fé til að borga staðgengli mínum, á meðan ég væri í sumarleyfi. Ræddi ég um þetta við Sigtrygg heitinn Klemenzson, þáverandi formann. Hann sagði mér að fara til gjaldkerans, sem þá var Hermann Þorsteinsson, núverandi formaður, en hann neitaði að greiða féð. Ég fékk ávallt greidd mín föstu laun öll sumrin, sem ég hefi unnið hjá stefnda, og reyndar allan ársins hring.“

IV.

Lögmaður varnaraðilja hefur í greinargerð m. a. stutt sýknukröfu sína þessum rökum:

„Í nóvembermánuði 1970 gerði Félag ísl. organleikara og Samstarfsnefnd sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæmis með sér „Samkomulag“, þar sem kveðið var á um skiptingu organleikara

í þrjá flokka, A, B og C launakjör o. fl. Í „Samkomulaginu“ eru ítarleg ákvæði um störf A og B organleikara.

Tilgangurinn með skiptingu organleikara í flokka var ekki sízt sá að skapa menntuðum organistum, sem hefðu tónlistarstörf að aðalstarfi, kjör, sem þeir gætu sæmilega við unað. Í inngangsorðum þessa „Samkomulags“ er tekið fram, að flokkaskiptingin í A, B og C sé samkv. nánari skýringu FÍO, sem fylgi „Samkomulagi“ þessu. Þessi skilgreining er undirrituð af samningarnefndarmönnum FÍO, Ragnari Björnssyni, Guðmundi Gilssyni og Hauki Guðlaugssyni, og er ljóst af áðurgreindum upphafsorðum „Samkomulagsins“, að hún er hluti af „Samkomulaginu“ og fylgiskjal með því. Af þessu leiðir, að Félag ísl. organleikara getur ekki einhliða ákveðið skilgreininguna í skiptingu organleikara í A, B og C flokk með þeim áhrifum, að umsamin kjör breyttust. Ef þessu væri ekki svo farið, gæti Félag ísl. organleikara einfaldlega ákveðið nýja skilgreiningu á skiptingu organleikara í flokka, þannig að allir félagsmenn færu í A flokk.

Samkv. „Samkomulaginu“ var gert ráð fyrir því, eins og áður getur, að tónlistariðkun væri eina starf organleikara í A flokki og að hann héldi a. m. k. eina sjálfstæða orgeltónleika á ári í þeirri kirkju, sem hann er ráðinn við. Samkvæmt skilgreiningunni skal A organleikari hafa tekið einleikarapróf á orgel frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða erlendum viðurkenndum tónlistarskóla. Þó er þetta ekki skilyrði, sé um organleikara að ræða, sem aflað hefur sér samsvarandi menntunar utan skóla og haldið að staðaldri — miðað við aðstæður — opinbera tónleika við góðan orðstír. Þá skal A maður einnig hafa lokið prófi í söngstjórn frá viðurkenndum tónlistarskóla eða hafa samsvarandi viðurkennda hæfileika til söngstjórnar.

Stefnandi máls þessa hafði orgelleik að aukastarfi fram að 70 ára aldri, en til þess tíma mun hann hafa gegnt öðrum störfum, m. a. verið starfsmaður á Borgarbókasafni og um tíma á Tollpóststofunni í Reykjavík. Ljóst er því, að stefnandi uppfyllir ekki skilyrði „Samkomulagsins“ um orgelleik að aðalstarfi, og hann uppfyllir heldur ekki menntunarskilyrði né skilyrði um opinbera orgeltónleika, enda þótt á engan hátt séu bornar brigður á tónlistarhæfileika hans eða starfshæfni að öðru leyti. Það er einnig skoðun meirihluta samningarnefndar FÍO, að stefnandi falli ekki undir skilgreininguna samkv. A flokki.

Samkv. „Samkomulaginu“ skulu söfnuðirnir greiða staðgengli organleikarans kaup í sumarleyfi hans, en auk þess fær organ-

leikarinn greitt kaup sjálfur í sumarleyfinu. Ef stefnandi hefur ekki neytt réttar síns til þess að taka sumarleyfi, er það hans eigin ákvörðun, og hefir hann ekki við neinn annan en sjálfan sig að sakast. Honum hefir jafnan staðið opið að taka sumarleyfi og láta stefnda greiða staðgengli sínum þann tíma.“

V.

Hermann Valdimar Þorsteinsson, formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá: „Ég vil taka fram, að það hefur aldrei staðið á eða verið hafnað greiðslu til staðgengils organleikarans vegna fjarveru í sumarleyfi. Það var sami skilningur fyrrverandi sóknarnefndarformanns, Sigtryggs Klemenzsonar, og mín, að organleikari kirkjunnar ætti rétt að sumarleyfi samkvæmt „Samkomulagi“ frá því í nóvember 1970 og sóknarnefndinni bæri að greiða staðgengli laun í fjarveru organleikara kirkjunnar. Hins vegar var ekki talið, að sóknarnefnd bæri að greiða organleikara kirkjunnar tvöföld laun fyrir sumarleyfistíma, sem ekki væri notaður. Staðgengill hefur aldrei framvísað reikningi hjá sóknarnefnd fyrir orgelleik hjá kirkjunni í fjarveru organleikarans Páls Halldórssonar. Ég minnst fundar í skrifstofu Sigtryggs Klemenzsonar í Arnarhvoli með organleikaranum Páli Halldórssyni, þar sem kjaramál organleikarans voru rædd. Neikvæð niðurstaða varð á sérstakri kröfu organleikarans um greiðslu í sumarleyfistíma, sem ekki var notaður. Ég tók við vörslu á fjármálum Hallgrímssafnaðar 28. febrúar 1962 úr hendi Björns Guðmundssonar, þáverandi gjaldkera Hallgrímssafnaðar. Frá honum fékk ég engar upplýsingar varðandi afbrigðilegar greiðslur á orlofsfé til organleikara og taldi því rétt, þegar á reyndi, að halda mig við gildandi samning milli organistafélagsins og safnaðanna í prófastsdæminu, sem gildi á hverjum tíma. Mér er ekki kunnugt um, hvort Björn Guðmundsson greiddi stefnanda orlofsfé. Ég vil ítreka það, að ég og sóknarnefndin í heild harmar þennan málarekstur, sem, eins og glöggst hefur komið fram oft áður, m. a. hér fyrir dóminum, að organleikari kirkjunnar hefur ekki sætt sig við þann samning, sem félag hans gerði við sóknarnefndir haustið 1970. Allir erfiðleikarnir virðast stafa af því, að sá samningur er af hans hendi ekki talinn hæfur grundvöllur fyrir útreikningi á launum hans. Ítrekuð sáttatilboð hafa verið gerð, sem öllum hefur verið hafnað, svo ekki virðist vera um neina færa leið að ræða aðra en þá, að dómur gangi í máli þessu.“

Stefnandi hefur lagt fram afrit af bréfi til varnaraðilja, dagsettu 19. febrúar 1971, undirrituðu af *Páli Kr. Pálssyni*, formanni stjórnar FÍO, og er það svohljóðandi:

„Í lögum F.Í.O. eru eftirfarandi ákvæði:

Í 2. gr.: „Félagið er stéttarfélag og því lögformlega aðili um kaup og kjör meðlima sinna“

Í 3. gr.: „Skulu þeir skiptast í 3 deildir félagsins, A-, B- og C-deildir, þannig: Í A-deild: Organleikarar með einleikara-prófi og ýtarlega alhliða menntun í faginu, og aðrir þeir, sem sýnt hafa í verki tilsvarende kunnáttu“

Í 4. gr.: „Stjórn félagsins skal rannsaka hæfni og aðstöðu umsækjanda og ákveða, hvaða deild þeir tilheyra“

Samkvæmt viðtekinni venju, er ákvæðum um próf ekki beitt varðandi eldri félaga. Organleikari Hallgrímskirkju, Páll Halldórsson, er — og hefur verið — í A-flokki.

Að öðru leyti vísast til samnings, sem gerður var milli samstarfsnefndar safnaða í Reykjavíkurbíóskóla og launnefndar F.Í.O., gerðum í nóvember s.l.“

Hér fyrir dómi hefur Páll Kr. Pálsson lýst því yfir, að hann minni, að hann hafi gefið ofangreinda yfirlýsingu. Kvaðst hann halda, að rétt væri frá greint í skjalinu, enda þótt hann gæti ekkert um það staðhæft, þar sem hann hefði engin gögn í höndum varðandi málsefnið.

Í yfirlýsingu, dagsettri 1. ágúst 1973, til varnaraðilja hafa *Ragnar Björnsson* og *Guðmundur Gilsson* skýrt svo frá:

„Sem nefndarmenn í síðustu samninganefnd F.Í.O. við samninganefnd sóknarnefndanna í Reykjavíkurbíóskóla um laun, kjör og skyldur organleikara skal eftir beiðni sóknarnefndarinnar í Hallgrímssöfnuði áréttaður skilningur okkar á fyrrnefndri samningagerð.

Í téðum samningi, grein I, lið 3, segir: „— og er gert ráð fyrir að tónlistariðkun sé eina starf organleikarans.“ Í skilgreiningu um A-, B- og C-organleikara, stendur: „A-deild skal skipuð organleikurum, sem tekið hafa einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. — Þó skal þetta ekki vera skilyrði, sé um organleikara að ræða, sem aflað hafa sér samsvarandi menntunar og haldið að staðaldri — opinbera tónleika við góðan orðstír.“

Með hliðsjón af þessum ákvæðum verður ekki séð, að núverandi organleikari Hallgrímskirkju falli undir skilgreininguna um A-organleikara.“

Guðmundur Gilsson hefur hér fyrir dómi staðfest efni yfirlýsingarinnar. Hann skýrði jafnframt svo frá, að honum væri ekki um það kunnugt, að skipting í A, B og C flokka hafi verið fyrir hendi, þegar samningurinn var gerður, enda hafi beinlínis verið að því stefnt, að slík skipting yrði tekin upp með þessum samningum. Hafi honum því ekki verið kunnugt um neina viðtekna venju um skiptingu organleikara innan FÍO í ákveðna flokka fyrr en með samkomulaginu frá því í nóvember 1970. Aðspurður, hvort launanefnd FÍO hafi verið falið að skipa organleikurum í flokka, svaraði hann þannig: „Ég get ekki svarað þessu öðruvísi en svo, að launanefndin hafi haft frjálsar hendur til þess að ná sem hagkvæmustu samningum f. h. félagsins.“ Hann segir, að skýrgreining á skiptingu organleikara í A, B og C flokka hafi legið fyrir við samningsgerðina og hluti af samkomulaginu, enda hafi flokkunin verið forsenda þeirra miklu kauphækkana, sem fengust við samningana.

Ragnar Björnsson hefur hér fyrir dómi staðfest efni áðurgreindrar yfirlýsingar. Aðspurður, hvort skiptingin í A, B og C flokka hafi verið til orðin, áður en samkomulagið var gert í nóvember 1970, svaraði hann þannig: „Ég treysti mér ekki til þess hér á þessari stundu að svara því nákvæmlega, hvenær skiptingin varð í A, B og C, en þegar samkomulagið var gert í nóvember 1970, var þessi skipting fyrir hendi.“ Aðspurður, hvort skiptingin, sem fylgdi samkomulaginu, hafi átt að gera breytingu á skiptingu, sem áður var í A, B og C flokka, svaraði hann þannig: „Ég get ekki heldur svarað þessu neitt nákvæmlega án þess að hafa fyrra samkomulagið við hendina, en þetta var ekki í fyrsta skipti sem heildarsamkomulag var gert á milli FÍO og sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæmis.“

Í bréfi til varnaraðilja, dagsettu 21. desember 1971, dskj. 14, hafa þeir Ingólfur Möller, Ástráður Sigursteindórsson og Leifur Sveinsson m. a. skýrt svo frá:

„Í viðræðunum um samningana var andinn sá fyrst og fremst að tryggja menntuðum organistum viðunandi kjör. Þeir organistar, sem þegar væru starfandi, en skorti tilskilda menntun á A og B flokk, skyldu halda þeim launum, sem þeir þegar höfðu, að viðbættri vísitölu. Að öðru leyti vísast til skilgreiningar stjórnar F.Í.O., sem fylgdi samningunum, um flokkun organista.

Hins vegar teljum vér ekki í vorum verkahring að skipa einstökum organistum í flokka, til þess þurfa að liggja fyrir prófgögn eða hæfnisskýrslur hvers einstaks organista.“

Ofangreindir samningamenn hafa einnig gefið yfirlýsingu, dagsetta 31. júlí 1973, dómskjal nr. 16, sem er svohljóðandi:

„Samkvæmt tilmælum lýsum við undirritaðir því hér með yfir, að við teljum launagreiðslur hjá Hallgrímssöfnuði í Rvík til organleikara Hallgrímskirkju á tímabilinu 1/7'70 til 31/7'73 vera í fullu samræmi við „Samkomulag“ milli samninganefndar sóknarnefndanna í Reykjavíkúrprófastsdæmi og launanefndar F.Í.O., gert í nóvember 1970.“

Leifur Sveinsson hefur í bréfi til varnaraðilja, dags. 27. apríl 1971, m. a. tekið fram:

„Ég tel Pál Halldórsson eiga að tilheyra B-flokki.

Umboð samninganefndar þeirrar, sem ég átti sæti í, tel ég fallið niður, og ítreka ég það því, að þetta er persónulegt mat mitt sem fyrrverandi samninganefndarmanns.“

Ástráður Sigursteindórsson hefur hér fyrir dómi 27. október 1975 lýst því yfir, að hann hafi undirritað dómskjöl nr. 14 og 16. Hann kveðst gera ráð fyrir, að þeir, sem undirrituðu dómskjal nr. 16, hafi fengið upplýsingar áður um það, hver laun stefnandi fékk. Aðspurður, hvort stefnandi hafi fallið undir þástarfandi organista, er skorti tilskilda menntun í A og B flokk, kvaðst hann ekki geta svarað, en vísaði til síðustu málsgreinar á dómskjali nr. 14. Hann kvaðst heldur ekki geta sagt um, hvernig flokkum var háttað samkvæmt eldri samningum. Hann kvað yfirlýsinguna á dómskjali nr. 16 hafa verið gefna, vegna þess að stefnandi hafi talið, að hann ætti rétt á hærri launum samkvæmt samkomulaginu en hann fékk greidd hjá varnaraðilja, en báðar yfirlýsingarnar á dómskjölum nr. 14 og 16 hafi verið gefnar samkvæmt ósk varnaraðilja. Vitnið kvaðst ekki hafa samið dómskjal nr. 16, en taldi, að einhverjar nýjar upplýsingar hefðu legið fyrir umfram þær, sem lágu fyrir í desember 1971, og á grundvelli þeirra upplýsinga hafi yfirlýsingin á dómskjali nr. 16 verið gefin.

Ingólfur Möller hefur hér fyrir dómi 5. nóvember sagt, að í samningaviðræðunum hafi andinn fyrst og fremst verið sá að tryggja menntuðum organistum viðunandi kjör. Vitnar vitnið í því sambandi til 2. mgr. í bréfinu á dómskjali nr. 14. Í þeirri setningu hafi þeir, sem yfirlýsinguna gáfu, haft í huga stefnanda og Jón Ísleifsson, organista í Neskirkju, enda hafi samninganefnd FÍO talið, án þess að vitnið fengi það skriflegt, að þessir tveir organistar féllu ekki í heild undir samninginn, sem gerður var í nóvember 1970. Hann skýrir einnig svo frá: „Á þessum tíma var ég formaður sóknarnefndar Nessóknar, og greiddi sóknar-

nefndin Jóni Ísleifssyni organista óbreytt laun frá því, sem hann hafði haft, að viðbættri vísitölu, eins og hún var á hverjum tíma. Ég fékk munnlegar upplýsingar frá sóknarnefnd Hallgrímskirkju, að Páli Halldórssyni væru greidd laun á sama hátt, og á grundvelli þeirra upplýsinga er yfirlýsingin og skoðun okkar á dskj. nr. 16 gefin.“

Haukur Guðlaugsson organisti hefur í ódagsettu utanréttarvottorði skýrt svo frá:

„Ég vil taka fram vegna flokkunar Páls Halldórssonar, félaga okkar í Félagi íslenskra organleikara: Ég tel, að enn sé í gildi sú fyrsta flokkun hans, er hann greiddi félagsgjöld A manna í félagi okkar.“

VI.

Upplýst er, að stefnandi stundaði nám í orgelleik hjá Páli Ísleifssyni árin 1926—1930. Auk þess var hann í danska kennaraháskólanum á árunum 1948 og 1949 við nám í orgelleik, söngstjórn og fleiru. Þá stundaði hann nám í orgelleik um skeið hjá Eduard Müller og Emilius Bangert og í tónlistarsögu hjá dr. Victor Urbanschitch. Þá hefur hann um langt skeið verið söngstjóri kórs Hallgrímskirkju. Af vottorðum, sem liggja frammi í málinu, má ráða, að stefnandi hefur tónlistarhæfileika og starfs hæfni sem orgelleikari, enda þótt hann hafi ekki lokið sérstökum prófum. Það er einnig ljóst, að stefnanda var skipað í A flokk organleikara innan Félags íslenskra organleikara. Stefnandi hefur hins vegar ekki sannað gegn mótmælum varnaraðilja, að sú flokkaskipun í flokkana A, B og C, sem gerð var við kjarasamninginn í nóvember 1970, hafi átt að vera sú sama, sem áður hafði verið gerð innan félagsins. Gegn mótmælum varnaraðilja hefur stefnandi heldur ekki sannað, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í kjarasamningnum frá því í nóvember 1970, til þess að eiga rétt á launum samkvæmt A flokki kjarasamningsins. Verður krafa stefnanda um laun samkvæmt þeim flokki því ekki tekin til greina, og ber að sýkna varnaraðilja af fyrri kröfulið stefnanda.

Í kjarasamningnum segir, að sumarfrí skuli tekið í samráði við sóknarnefnd á tímabilinu 1. júní til 1. október ár hvert. Hvorugur aðilja virðist hafa gengið eftir því, að sumarfrí yrði tekið. Eigi verður á það fallist, að stefnandi hafi átt að hafa frumkvæði að því, hvort og hvenær sumarleyfið yrði tekið. Stefnandi fékk ekkert sumarleyfi. Við hinn munnlega málflutning var af hálfu

varnaraðilja fallið frá mótmælum um, að krafa stefnanda um orlof væri fallin niður fyrir aðgerðarleysi. Að svo vöxnu máli ber að taka kröfu stefnanda um orlofsfé til greina, enda hefur fjárhæð þeirrar kröfu ekki sætt andmælum tölulega.

Úrslit málsins verða þá þau, að varnaraðilja verður dæmt að greiða stefnanda kr. 64.481 með vöxtum, eins og krafist hefur verið, auk málskostnaðar, sem ákveðst kr. 45.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, sóknarnefnd Hallgrímskirkju f. h. safnaðarins, greiði stefnanda, Páli Halldórssyni, kr. 64.481 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. janúar 1981.

Nr. 7/1981. **Ákærvaldið**

gegn

Péttri Blöndal Gíslasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1981, sem barst Hæstarétti 20. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.